



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
í tilefni af
Alþjóðlegum minningardegi
um þá sem látist hafa í umferðarslysum**

Reykjavík, 20. nóvember 2016

Ágætu gestir

Ég þakka fyrir þetta tækifæri til að minnst þeirra sem látist hafa í umferðarslysum.

Á slíkum degi hugsum við fyrst til þeirra sem misst hafa ástvini í umferðarslysum, ástvini sem sumir voru kannski á unga aldri eða í blóma lífsins. Við getum ekki vikist undan þeirri spurningu hvers vegna umferðin í okkar fámenna þjóðfélagi hefur kostað yfir eitt þúsund og fimm hundruð Íslendinga lífið síðustu hundrað ár, á bílaöld. Og við spyrjum, minnug þessarar blóðtöku, hvað hægt sé að gera til að draga úr slíkum áföllum í framtíðinni.

Óli H. Þórðarson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Umferðarráðs, hefur tekið saman gagnlegar tölur um umferðarslys á Íslandi. Í þeim kemur fram að banaslysum hefur fækkað á undanförunum áratugum. Síðastliðin 10 ár eða á árunum 2007-2016 létust að meðaltali tólf einstaklingar á hverju ári í umferðinni. En næstu 10 ár þar á undan létust árlega tvöfalt fleiri.

Þessi gleðilega framför varð af margvíslegum ástæðum. Fræðsla og áróður hefur haft sitt að segja, öruggari bílar, betri vegir, hraðari og skilvirkari viðbrögð björgunaraðila – allt þetta hefur áreiðanlega haft áhrif. Og þetta eru góð tíðindi.

Hitt er svo aftur verra að í ár hefur slysunum fjölgað á nýjaleik og nú erum við með flesta látna í umferðarslysum miðað við höfðatölu á Norðurlöndunum.

Sem leikmaður get ég velt fyrir mér skýringum á þessu. Fyrst kemur í hugann vaxandi fjöldi óvanra ökumanna á vegunum, einkum erlendra gesta sem ekki þekkja íslenskar aðstæður. Lágts bensínverð og aukinn kaupmáttur leiðir líka af sér aukna umferð; og farsímanotkun undir stýri dregur sannarlega úr einbeitingu ökumanna og skapar hættur í umferðinni eins og of mörg dæmi sanna.

Við vitum líka að stjórnvöld þurfa stöðugt að huga að umbótum á samgöngukerfinu og ég leyfi mér að nefna sem dæmi að fækka þarf einbreiðum brúm á hringveginum, fylgjast vel með vegamerkingum og, þar sem því verður við komið, að tvöfalda fjölfarna vegi.

Ég vil líka minna á hlut viðbragðsaðila, lögreglu, slökkviliðs, sjúkraflutningamanna, bráðaliða, starfsmanna bráðadeilda – allt þetta fólk og einnig stundum aðrir, svo sem björgunarsveitir eða ráðagóðir vegfarendur, vinna iðulega kraftaverk á vettvangi umferðarslysa. Þeim ber að þakka og búa þarf þannig um hnúta að fagaðilar hafi aðstöðu og tæki til að vinna sín verk.

En við þurfum líka að tala til ökumanna, minna á þá ábyrgð sem fylgir því að stjórna farartæki. Það sem vitum er þyngra en tárur taki: Mörgum banaslysum í umferðinni hefði mátt afstýra með aðgát í stað kæruleysis, varkárni í stað asa. Minnum okkur sjálf og alla aðra stöðugt á þessi sannindi og þá björgum við svo sannarlega mannlífum.